



HRUNAMANNAHREPPUR

AÐALSKIPULAG 2016-2032

Forsendur og umhverfisskýrsla



STEINSHOLT

3. mars 2016

HRUNAMANNAHREPPUR

Aðalskipulag 2016-2032

Gísli Gíslason

Ingibjörg Sveinsdóttir

Ásgeir Jónsson

Guðrún Lára Sveinsdóttir

Mynd á forsíðu: Séð yfir Flúðir ofan af Miðfelli

SKIPULAGSGÖGN

Sveitarfélagsuppdráttur, byggð í mkv. 1:50.000.

Sveitarfélagsuppdráttur, hálendi í mkv. 1:100.000.

Þéttbýlisuppdráttur fyrir Flúðir í mkv. 1:10.000.

Greinargerð - skipulagsskilmálar.

Forsendur og umhverfisskýrsla.

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
1.1	Gildandi skipulag	5
1.2	Efnistöð	6
2	STAÐHÆTTIR	6
2.1	Landslag / Jarðfræði	7
2.2	Grunnvatn / jarðhiti	8
2.3	Gróðurfar, landgræðsla og skógrækt	8
2.4	Veður	10
2.5	Dýralíf	10
2.6	Náttúruvá	10
2.6.1	Jarðskjálftar	11
2.6.2	Eldvirkni	11
2.6.3	Flóð / Landbrot	11
2.6.4	Aðrar náttúruhamfarir	13
2.7	Hlunnindi	13
2.7.1	Veiði	13
2.7.2	Hagnýt jarðefni	15
2.8	Verndarsvæði	15
3	ÍBÚAR, ATVINNA OG BYGGÐ	16
3.1	Íbúaþróun, aldursdreifing og íbúaspár	16
3.2	Atvinna	18
3.3	Opinber þjónusta og samstarf sveitarfélaga	22
4	UMHVERFISSKÝRSLA	24
4.1	Matsskylda	24
4.2	Umhverfispættir og stefna sveitarstjórnar	24
4.3	Helstu viðmið	25
4.4	Samanburður valkosta	28
4.5	Samantekt / Niðurstaða mats	30
5	HEIMILDIR	33

1 INNGANGUR

Hrunamannahreppur er í uppsveitum Árnessýslu á milli Hvítár og Stóru-Laxár og nær norður í Hofsjökul. Sveitarfélagið er tæplega 1.400 km² að stærð (*Landmælingar Íslands, 2014*). Íbúar eru um 800, þar af eru ríflega 400 búsettir í þéttbýlinu á Flúðum.

Helstu atvinnuvegir eru landbúnaður þar sem garðyrkja er mikilvægur þáttur, iðnaður og þjónusta, sérstaklega við ferðamenn en ferðaþjónusta er, líkt og víðar, ört vaxandi atvinnugrein í sveitarfélaginu.

Landslag í Hrunamannahreppi er fjölbreytt og setja fell og klettaholt mikinn svip á landið. Dalir og flatlendi eru grösug og vel fallin til landbúnaðar. Góð ræktunarskilyrði og jarðhiti er grunnur öflugs landbúnaðar í sveitarfélaginu.

Í þessu skjali er fjallað um helstu forsendur sem liggja að baki stefnumörkunar í aðalskipulagi og einnig er fjallað um hugsanleg umhverfisáhrif af stefnunni og bornir saman mismunandi kostir.



Mynd 1. Hrunamannahreppur.

1.1 GILDANDI SKIPULAG

Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2003 – 2015 var staðfest af umhverfisráðherra 20. des. 2005.

Gerðar hafa verið allnokkrar breytingar á skipulaginu frá því það tók gildi:

- Frístundabyggð – sept. 2006 – Í landi Reykjadalss er F7 og F8 sameinuð í F7 (Dalabyggð) og nýtt frístundasvæði F8 (Hólabýfi) sett inn.
- Hálandi: Fjallvegur og frístundabyggð, sept. 2006 – Sett inn frístundasvæðið G9 og gert ráð fyrir að vegur frá Ásgarði/Árskarði austur að Þjórsá verði fjallvegur.
- Frístundabyggð og vatnsból, júlí 2007 – Sett inn tvö vatnsból B8 og B9 í landi Berghyls, tvö ný frístundasvæði F25 og F26 auk þess sem F15 stækkar.

- Rýmkun þéttbýlismarka, íbúðarbyggð, iðnaðar- og athafnasvæði, skýrari markmið um landbúnaðarland, sept. 2007 – mörk þéttbýlis stækka til norðurs og vesturs og minnkar frístundasvæði (F12) og golfvöllur (G1) samsvarandi, iðnaðarsvæði (P4) og tjaldsvæði (T1) stækka og er farvegi Litlu-Laxár breytt. Skilgreindir göngu- og reiðstígar. Bætt inn opnu svæði (R1). Hert á ákvæðum varðandi verndun á góðu landbúnaðarlandi. Þá var hert upp á ákvæðum varðandi frístundalóðir og vegsvæði.
- Aukin íbúðar- og frístundabyggð, stækkun iðnaðarsvæðis, stækkun þéttbýlismarka, 1. okt. 2008. – þéttbýlismörkum er breytt samhliða því sem landbúnaðarsvæði í landi Grafar er breytt í íbúðabyggð A13, A6 og A9 er stækkað, iðnaðarsvæði P5 stækkar og sett inn frístundasvæði F27 í landi Efra Sels.
- Högnastaðir, frístundabyggð, í nóv. 2009 – sett inn nýtt frístundasvæði, F25.
- Flúðir, Bræðratunguvegur, í okt. 2010 – Tenging Bræðratunguvegar við gatnakerfið á Flúðum.
- Flúðir, íbúðarsvæði, sept. 2011 – Nýtt íbúðarsvæði við Ljónastíg.
- Miðfell 3, nóv. 2012 – Sett inn verslunar- og þjónustusvæði.
- Iðnaðarsvæði, júní 2015 – Iðnaðarsvæði P1 stækkar og gert ráð fyrir úrvinnslu úrgangs.

Þá er í vinnslu aðalskipulagsbreyting, samhliða vinnu við endurskoðun aðalskipulags:

- Flúðir, – breyting á legu Hvammsvegur.

1.2 EFNISTÖK

Fjallað er um staðhætti í sveitarfélaginu (kafla 2) s.s. veðurfar, náttúru og dýralíf. Einnig er fjallað um náttúruvá (kafla 0) en Hrunamannahreppur er á jarðskjálftasvæði og Hvítá og Stóra-Laxá geta flætt yfir bakka sína þegar mikil úrkoma og leysingar fara saman. Minnst er á hlunnindi (kafla 2.7) og gerð grein fyrir verndarsvæðum (kafla 2.8) s.s. friðlýstum svæðum og fornminjum.

Í kafla 0 er yfirlit yfir íbúðapróun í sveitarfélaginu og gerð grein fyrir fjölda búfjár og helstu atvinnugreinar tilgreindar. Opinber þjónusta og samstarf sveitarfélaga er stór þáttur í öllum samfélögum (kafla 0).

Umhverfisáhrifum af breyttri stefnu aðalskipulagsins eru gerð skil í 0. kafla og bornir saman mismunandi valkostir fyrir helstu stefnumarkarir.

2 STAÐHÆTTIR

Sveitarfélagið Hrunamannahreppur liggur á milli Stóru-Laxár og Hvítár í Árnessýslu. Að vestan og norðan fylgja hreppamörkin Hvítá og síðan Jökulfalli og Jökulkvísl allt inn að Hofsjökli og að sunnan og austan fylgja þau Stóru-Laxá í Laxárdrög og þaðan í Eystra-Rjúpnafell í Hofsjökli (*Ágúst Guðmundsson, 1996*). Sunnan og austan við Stóru-Laxá er Skeiða- og Gnúpverjahreppur og vestan megin við Hvítá er Bláskógabyggð. Sveitarfélagið allt er um 1.400 km². Í sveitarfélaginu er einn þéttbýliskjarni; Flúðir. Hreppurinn er nefndur eftir bænum Hruna en þar er prestsetur og kirkja (*Ágúst Guðmundsson, 1996*).




Mynd 2. Tungufellskirkja

2.1 LANDSLAG / JARÐFRÆÐI

Hrunamannahreppur er gróin sveit. Syðst og vestast er landið tiltölulega flatt og blautt á köflum næst Hvítánni en eftir því sem norðar dregur hækkar landið og lág fjöll og klappir eru þar víða með graslendi í lautum og lægðum. Eldri grágrýtismyndun er hvergi víðáttumeiri en í Hreppunum og í fjöllum er grágrýti og alls konar molaberg, gosmöl, vatnaset og jökulruðningur til skiptis. „Hreppafjöllin eru yfirleitt lág 200-300 m yfir sjávarmáli, og mynda skörðotta frambrún en fara jafnt hækkandi inn til landsins“ (Ágúst Guðmundsson, 1996 : 11). Jarðlögum hallar til beggja hliða út frá hallaskilum sem liggja til norðausturs um Hreppafjöllin, nærri Stóru-Laxá. Vestan við skilin hallar jarðlögum til vesturs en austan við þau hallar þeim til ýmissa átta. Hryggur með elstu berglögum er í miðju skilanna en yngri berglög eru sitt hvorum megin við (Ágúst Guðmundsson, 1996).

Berggrunnur austurhluta Árnessýslu og vesturhluta Rangárvallasýslu er að nokkuð jöfnu leyti úr basalti og móbergi og er nokkuð vel vatnspéttur en úrkoma rennur að mestu af svæðinu sem yfirborðsrennsli (Haukur Tómasson, 1961). Þessi berggrunnur er kenndur við svonefnda Hreppamyndun en Guðmundur Kjartansson jarðfræðingur, sem ættaður var frá Hruna, nefndi jarðmyndanir frá ísaldartímanum einu nafni Hreppamyndunin (Ágúst Guðmundsson, 1996). Móbergsfjöll eru áberandi í Árnessýslu en öll há og brött fjöll í sýslunni eru hlaðin upp úr móbergi, mynduð við eldgos undir jökli. Móbergsfjöllin skiptast í stapa og hryggi og eru nokkur dæmi um báðar gerðirnar fyrir ofan byggðina. Móbergsstapar eru víða og þar má sjá fallegar stuðlabergssúlur. Stapar eru með flatan lítið eitt hvelfdan koll með hvössum hamrabrunum allt í kring, sumir eru með basaltkalli (Haraldur Matthíasson, 1961).

Búðaröðin, sem kennd er við fossinn Búða í Þjórsá, eru jökulgarðar eða öldur sem taldir eru merki um afturkipt í hörfun ísaldarjökulsins. (Ágúst Guðmundsson, 1996). Hana má rekja frá Vatnsdalsfjalli í Fljótshlíð að Efstadalsfjalli í Laugardal. Einna greinilegust er hún við fossinn Búða í Þjórsá en er einnig greinileg í Reykjadal í Hrunamannahreppi og við Bræðratungu



Mynd 3. Stuðlaberg í Hrepphólum.

þar sem Hvítá hefur brotið sig í gegnum hana. Þetta var fyrir um 10.000 árum við lok ísaldar en þar má sjá merki um það að sjórinn fylgdi jökulröndinni eftir. Búðaröðin er úr „*samanböggluðum sjávarlögum undir jökulruðningi, og þar má finna hrúðurkarlabrot í um 90 m y.s.*“ (Guðmundur Kjartansson, 1952).

Jökulfallið er jökulá sem kemur úr Hofsjökli og rennur í Hvítá. Hvítá kemur úr Langjökli og í henni er Gullfoss, einn þekktasti foss landsins. Á afréttinum falla Sandá, Grjótá, Stangará og Búðará allar í Hvítá en Leirá og Sælingsdalskvísl falla í Stóru-Laxá.

2.2 GRUNNVATN / JARÐHITI

Mikil lindasvæði eru í hálendisbrúninni og inn á hálendi sveitarfélagsins þar sem finna má gott neysluvatn. Þegar niður í byggðina kemur er víða tregt um kalt vatn þótt allvíða megi finna litlar uppsprettur. Jarðhiti er algengur í Hrunamannahreppi en þó mest í kringum Flúðir. Jarðhitasvæði voru kortlögð á árunum 2006 – 2007 (Haukur Jóhannesson, 2011) og um fjórðungur af náttúrulegum lághitavarma landsins finnst í Árnessýslu. Háhitasvæði er í Kerlingarfjöllum og þar er um 11 km² virkt jarðhitasvæði með allmörgum hverum sem eru ýmist gufu- eða leirhverir (Ágúst Guðmundsson, 1996). Lághitasvæði eru almennt skilgreind sem svæði þar sem hiti er minni en 150°C á um 1.000 m dýpi en háhitasvæði þar sem hitinn er yfir 200°C á um 1.000 m dýpi. Minnstur hluti jarðhitakerfa er sýnilegur og á það einkum við lághitakerfin. Hverir og laugar sýna hvar jarðhiti er undir og stundum sjást sprungurnar sem leiða vatnið til yfirborðs. Afrennsli kerfanna kemur stundum fram í laugum og volgrum. Á háhitasvæðum sýna gufuhverir hvar sýður upp af grunnvatni og gas sem fylgir gufunni ummyndar bergið í leir næst yfirborði. Kulnaðar skellur og leirflákar vitna um breytilega virkni (Orkustofnun, n.d.).



Mynd 4. Hverinn Litli-Geysir í Hverahólm-anum á Flúðum.


2.3 GRÓÐURFAR, LANDGRÆÐSLA OG SKÓGRÆKT

Í Hrunamannahreppi er stundaður öflugur og fjölbreyttur landbúnaður. Halli lands í byggðinni er fremur lítil og megnið af sveitinni neðan 200 m er gróið. Láglandinu má skipta í 3 gróðursvæði; votlendi, mólendi og skóglendi. Sunnan til og vestan eru mjög gróðursælar sléttur, oft mýrlendar, sem eru mjög grasgefnar og gætu verið nýttar meira til ræktunar en nú er. Norðan til og austar er landið herra og þar eru holt og fjöll með grasgefnum lægðum. Þó eru þar víða möguleikar til ræktunar túna sérstaklega, en landið hentar einnig vel til beitar og/eða skógræktar. Við Litlu-Laxá í landi Hvamms er Hverahólmi, hverasvæði þar sem vaxa sjaldgæfar plöntutegundir (flikruburi, fjóluhnokki, laugahnokki og vatnsafli), sumar á valista (Gylfi Guðjónsson og félagar, 2005).

Í sveitarfélaginu starfar Landgræðslufélag sem stofnað var 2008. Tilgangur þess er að stuðla að uppgræðslu landsins og stöðva jarðvegseyðingu í sveitarfélaginu og á afréttinum (Landgræðsla ríkisins, 2015). Landgræðslan stendur að verkefni sem kallast „*Bændur græða landið*“ og miðar að því að bændur stundi uppgræðslu á sínum jörðum. Skilyrði fyrir þátttöku í verkefninu er að svæðið sem um ræðir sé lítt eða ógróið og að beitarálag sé hóflegt. Árið 2015 voru þrír bændur í Hrunamannahreppi þátttakendur í þessu verkefni.

Nokkrar jarðir eru í skógrækt eða skjólbeltarækt undir merkjum Suðurlandsskóga, sjá Mynd 5. Skógur og skjólbelti hjálpa til við að mynda skjól, eru til mikillar prýði og geta dregið úr hávaða, t.d. frá umferð. Stærsta skógræktarsvæðið er tæpir 200 ha en víða hefur verið plantað í smærri svæði í sveitarfélaginu. Allvíða er náttúrulegt birkikjarr, sérstaklega upp með Hvítá og í hálendisbrúninni.

Gæðavottun í sauðfjárrækt er m.a. ætlað að tryggja að sauðfjárrækt sé í samræmi við umhverfisvernd, landkosti og æskilegt landnýtingarsjónarmið (*Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra, 2001*). Hrunamannaafréttur er vottaður miðað við þann búfjárfjölda sem þar er og í tengslum við þá vottun er víða unnið að uppgræðslu á afréttinum.



Mynd 5. Fjöldi jarða í skógrækt eða skjólbeltarækt undir merkjum Suðurlandsskóga (Suðurlandsskógar, 2015).

Helstu mýrarsvæðin eru inn á afrétti, svonefndar Miklumýrar, suðvestan við Kerlingarfjöll auk víðáttumikilla votlendissvæða við Hvítá, ofan og austan við Auðsholt. Á Miklumýrum eru víðáttumiklir ljósu-stararflóar, þeir stærstu á miðhálandi Íslands (*Ágúst Guðmundsson, 1996*).




Mynd 6. Gróðursæld við Laxárgljúfur

Í heild er tæplega þriðjungur svæðisins milli Þjórsár og Hvítár gróið land og hæðarmörk gróðurs þar eru í um 600 m. Um 30% af Hrunamannaafrétti er gróið land en þrjú gróðurlendi eru þar algengust sem þekja um 80% af gróðurlendinu þar. Þetta eru mosapemba sem tekur yfir tæplega helming svæðisins, kvistlendi tekur yfir um 20% og votlendi um 15%. Fjöllin og svæðið umhverfis Kerlingarfjöll er nánast gróðurlaust (*Ágúst Guðmundsson, 1996*).


2.4 VEÐUR

Sjálfvirk veðurathugunarstöð er við Bræðratunguveg og við Gullfoss. Á Hjarðarlandi í Bláskógabyggð, sem er í um 13 km fjarlægð frá Flúðum í beina loftlínu, hefur verið veðurathugunarstöð frá árinu 1990.


Mynd 7, Mynd 8 og Mynd 9 sýna vindrósir á þremur stöðum í sveitarfélaginu, vestan við Langholtsfjall, við Hruna og við Brúarhlöð. Þar má sjá hvernig mismunandi vindáttir eru ríkjandi eftir stöðum en um er að ræða uppreiknaðar vindrósir (Veðurstofa Íslands, 2015).



Mynd 7. Vindrósir vestan Langholtsfjalls.



Mynd 8. Vindrósir við Hruna.



Mynd 9. Vindrósir við Brúarhlöð.

2.5 DÝRALÍF

Villt spendýr í Hrunamannahreppi eru eins og víðast hvar á landinu minnar, refir og mýs en víða má finna greni í urð, einkum á afréttinum. Fuglalíf telst auðugt og fjölbreytt enda bæði votlendi og birkikjarr víða. Nokkur mikilvæg votlendissvæði og önnur búsvæði fugla eru í sveitarfélaginu og þar verpa margir vaðfuglar. Gæsir eru algengar og þá sérstaklega á afréttinum og rjúpur verpa víða á hálendisbrúninni. Mófuglar eru víðast hvar áberandi á sumrin, smyrill finnst víða og einstaka sinnum bregður fyrir fálka (Ágúst Guðmundsson, 1996).

Lax og silungur er í nokkrum ám og vötnum, í Stóru-Laxá er góð lax- og silungsveiði og í Kálfá og í Þverá er nokkur silungsveiði. Þá er netaveiði í Hvítá. Við Heiðará á Hrunamannaafretti er stífla og í því lóni er fengist við fiskirækt. Á afréttinum eru nokkur vötn og þolinmóðir veiðimenn hafa veitt þar (Ágúst Guðmundsson, 1996).

2.6 NÁTTÚRUVÁ


Í grein 6.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er náttúruvæ skilgreind sem „svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri)“ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013). Í grófum dráttum má skipta áhrifum náttúruhamfara í þrennt þ.e.a.s. félagsleg-, eðlislæg- og efnahagsleg áhrif. Hverjum þessara þátta hefur síðan verið skipt upp í bein áhrif og afleiðd áhrif (Alþingi Íslands, 2000). Þá er ljóst að náttúruhamfarir geta haft áhrif á mjög stórum svæðum t.d. þegar raforku-, fjarskipta- eða samgöngukerfi skemmast eða eyðileggjast. Hrunamannahreppur er á Suðurlandsskjálftabeltinu og því er þar jarðskjálftahætta.

Hvítá flæðir reglulega yfir bakka sína og hefur Veðurstofa Íslands kortlagt útbreiðslu flóða árin 1968, 1981 og 2006. Eru þau svæði sem flóðin náðu yfir merkt sem hættusvæði á sveitarfélagsupprætti.

2.6.1 Jarðskjálftar

Hrunamannahreppur er á Suðurlandsskjálftabeltinu en það er sniðgengisbelti sem nær frá Vatnafjöllum í austri vestur um Ölfus. Það tjón sem einkum hlýst af jarðskjálftum vegna eðlislægra þátta er vegna sprungna á yfirborði, skemmda á mannvirkjum, breytinga á grunnvatnsstöðu og landsigs. Þá geta jarðskjálftar leitt til annarra náttúruhamfara, s.s. skriðufalla og flóða í ám.

Skjálftasvæðum Íslands hefur verið skipt niður í sex hönnunarhröðunarsvæði þar sem taldar eru 10% líkur á jarðskjálfta af ákveðinni stærðargráðu á 50 ára tímabili. Hæsti áhættuflokkurinn hefur hönnunarhröðunina 0,5g, en það er 50% af þyngdarhröðuninni. Við hönnun mannvirkja þarf að taka mið af hönnunarhröðun innan hvers svæðis. Veruleg sveiflumögnun getur orðið á hraunlögum ofan á setlögum samanborið við jarðskjálftaáhrif á klöpp. Víða á Suðurlandsundirlendinu háttar þannig til og því er ástæða til að sýna sérstaka aðgát við hönnun mikilvægra mannvirkja. Suðvesturhluti sveitarfélagsins er í hæsta áhættuflokki gagnvart jarðskjálftum, þ.e. 0,5g eins og sjá má á Mynd 10



Mynd 10. Skipting Íslands í hönnunar-hröðunarsvæði m.v. 500 ára endurkomutíma. Heimild: (Björn Ingi Sveinsson, 2002).

Error! Reference source not found., en norðaustur hluti svæðisins er í lægsta áhættuflokki, þ.e. 0,1g.


Öflugir jarðskjálftar geta því orðið þar sem megin byggðin er, þ.e. á Flúðum og í sveitinni í kring. Minni skjálftar geta orðið í norðurhluta svæðisins, þ.e. hálendinu. Vegna staðhátta og landgæða er nær allt láglendi sveitarfélagsins nýtt til byggðar og búskapar þrátt fyrir að hluti þess sé á mesta skjálftasvæði landsins. Því verður líkast til aldrei hægt að koma algerlega í veg fyrir tjón af völdum jarðskjálfta. Meginatriði er að byggð og mannvirkjum verði þannig fyrir komið að lágmarkshætta verði á manntjóni auk þess sem leitast verði við að eignatjón verði sem minnst og valdi sem minnstri röskun á daglegu lífi.

2.6.2 Eldvirkni

Byggð er ekki talin stafa bein hætta af eldgosum á svæðinu en öskufall getur orðið, eins og á flestum svæðum á landinu. Megineldstöð í Kerlingarfjöllum var virk á síðasta jökulskeiði og allt bendir til að í Hofsjökli hafi verið virkni á nútíma (Ágúst Guðmundsson, 1996).


2.6.3 Flóð / Landbrot

Hvítá flæðir af og til yfir bakka sína, oft í tengslum við mikla úrkomu og leysingar. Veðurstofa Íslands hefur kortlagt útbreiðslu flóða sem urðu árin 1968, 1981 og 2006 (Emmanuel Pagneux, 2015). Er mesta þekkta útbreiðsla flóðanna þriggja merkt sem vásvæði á sveitarfélagsuppdraetti og sýnd á



Mynd 11. Eldstöðvar á Suðurlandi.

Fallvötn brjóta víða land í byggð í sveitarfélaginu. Mest er það við bakka Hvítár hjá Hvítárholti, Ísabakka og Auðsholti. Stóra-Laxá brýtur einnig land m.a. við Sólheima, Sóleyjarbakka, Birtingarholt, Langholtsjarðir og við Unnarholt/Bjarg. Þá er aðeins landbrot af völdum Litlu-Laxár hjá Flúðum og næstu bæjum þar fyrir neðan. Nokkuð hefur verið unnið að bakkavörnum með gerð grjótnargarða, aðallega við Hvítá og Stóru-Laxá.



Mynd 12. Útbreiðsla flóða í Hvítá árin 1968, 1981 og 2006. Rauð lína eru mörk þéttbýlis og gul lína sveitarfélagamörk (Heimild: (Emmanuel Pagneux, 2015).

2.6.4 Aðrar náttúruhamfarir

Ekki er talin sérstök hættu á öðrum náttúruhamförum.

2.7 HLUNNINDI

2.7.1 Veiði

Stangveiði er í Stóru-Laxá og nokkrum minni ám og vötnum og netaveiði er í Hvítá. Lítil silungsveiði er inn á afrétti en „...þolinmóðir veiðimenn hafa víða dregið sér fisk“ (Ágúst Guðmundsson, 1996). Nokkur fuglaveiði er á afrétti, bæði rjúpa og gæs. Einnig er nokkur gæsaveiði í kornökum á haustin. Nánar um vatnsföll má sjá í texta frá Guðna Guðbergssyni:

Hvítá

Hvítá er fiskgeng frá sjó að Gullfossi sem er 110 km frá ósi í sjó. Í Hvítá er hrygning og uppeldi laxa, urriða (sjóbirtinga) og bleikja (sjóbleikju). Stangveiði er í Hvítá við ósa Stóru-Laxár (lða) og ósa Dalsár og Fossár þar sem skilvatn ána liggur út í jökulvatnið. Göngur fiska úr sjó taka nokkuð langan tíma upp vatnakerfið (ca 2 mánuði) og veiðin á efri vatnasvæðisins því einkum síðsumars. Netaveiði hefur verið stunduð í Hvítá og Ölfusá frá jörðum sem land eiga að ánum. Heildarlaxveiði á vatnasvæðinu síðustu 10 þar er 6136. Af þeim er netaveiði í Hvítá að meðaltali um 1878 laxar og stangveiði 441 laxar. Að auki veiðist töluvert magn af urriða og bleikju. Veiðiréttarhafar á vatnasvæðinu eru í Veiðifélagi Árnesinga en innan þess eru deildir um Stóru-Laxá og Tungufljót. Drjúgur hluti netveiddra laxa á vatnasvæðinu eru af uppeldi hliðaráranna þótt sú hlutdeild sé ekki þekkt. Lífríki í ám er almennt viðkvæmt fyrir áhrifum og mikilvægt að vatnsgæði, búsvæði (árbotn) og vatnsrennsli haldist óskert. Þar sem laxfiskar eru efst í fæðukeðjunni koma breytingar á þessum þáttum fljótt niður á afkomu þeirra. Veiðiréttarhafar hafa þá skyldu að veiðinýting teljist sjálfbær.

Stóra-Laxá

Upptök Stóru-Laxár eru í Grænavatni, sem er sunnan Kerlingafjalla, í tæplega 700 m hæð yfir sjávarmáli. Áin skilur að afrétti Hrunamanna og Flóamanna. Vatnasvið Stóru-Laxár er 512 km² og meðalrennsli við ós er um 16 m³/sek. Frá upptökum til ósa í Hvítá eru 90 km en þaðan til ósa Ölfusár í sjó eru 64 km. Stóra-Laxá er ein af helstu þverám Hvítár í Árnessýslu og er hún dæmigerð dragá. Í Stóru-Laxá er að finna lax, urriða og bleikju og er lax ríkjandi tegund með 86,5% hlutdeild seiða laxfiska. Bleikju og urriða er að finna á ófiskgengum svæðum, en fiskur hefur þó ekki fundist í Stóru-Laxá ofan við foss neðst í gljúfri ofan ármóta við Leirá. Bleikja og urriði eru í Leirá og Heiðará. Fiskgengi hluti Stóru-Laxár er rúmir 41 km og er hún fiskgeng að fossi við Uppgöngugil, en þangað eru 105 km frá ósi í sjó. Hvergi á Íslandi komast sjógengnir fiskar lengra inn í land. Stóra-Laxá er þekkt fyrir hátt hlutfall stórlaxa.

Stofnstærð laxa er ekki þekkt í Stóru-Laxá en umtalsverð stangveiði er stunduð í ánni og hafa veiðst allt að 1790 laxar í bestu veiðiárunum frá 1970. Meðalveiði síðustu tíu ára var 731 lax. Að auki er lax úr Stóru-Laxá veiddur á gönguleið hans úr sjó í Ölfusá og Hvítá.



Mynd 13. Stóra-Laxá rennur um Laxárgljúfur.

Litla-Laxá

Litla-Laxá rennur til Stóru-Laxár rétt ofan ósa hennar við Hvítá. Áin er frjósöm dragá með upptök í Laxár-drögum á Hrunaheiðum. Áin er fiskgeng um 23 km frá ósi við Stóru-Laxá að Hildarselsfossi. Til Litlu-Laxár falla Reykjadalssá og Kluftaá. Í Litlu-Laxá er hrygning og uppeldi laxa, urriða og bleikja. Lax gengu fremur seint í Litlu-Laxá og oft ekki að neinu marki fyrr en í september. Veiði hefur verið stunduð lítilsháttar á stöng í Litlu-Laxá frá árinu 1998. Fyrir þann tíma var áin friðuð fyrir veiði. Meðalveiði samkvæmt skýrslum til og með árinu 2005 er 12 og 15 laxar árið 2009. Mesta skráða veiði var 24 laxar. Vitað er að ástundun og skráning var stopul á þessum árum. Veiðimöguleikar Litlu-Laxár til veiða eru væntanlega ekki fullnýttir og nokkuð líklegt að með betri ástundun geti nýting og veiði gefið þar mun fleiri laxa auk silunga. Til þess að svo verði þarf að koma á betra félagslegu skipulagi. Áin er hins vegar vatnslítill og því þarf að gæta þess að ekki sé gengið of nærri fiskstofnum árinna. Sérstaklega þarf að taka tillit til vatnsgæða Litlu-Laxár vegna byggðar í þéttbýli við flúðir og vegna áhrifa frá landbúnaði.

Dalsá og Fossá

Dalsá og Fossá eiga sameiginlega ós í Hvítá skammt ofan Brúahlaða. Þær eru fremur vatnslitlar en geta vaxið mikið við úrkomu. Dalsá á upptök í Melrakkatungum og fellur um Deild og Tungufellsdal. Áin er fiskgeng um 3 km að Kerlingafossi. Fossá á upptök í Fossádrögum og fellur í háum fossi við samnefndan bæ en þangað er fiskgengt frá ósi um 3 km leið. Stangveiði er einkum stunduð við ósa ánnar í Hvítá. Veiði hefur verið 40-85 laxar og 20-40 sjóbirtingar á ári. Veiðin er mest seinni hluta sumars og er hlutfall stórlaxa af veiðinni hátt.

Ár á Hrunamannafrétti

Á Hrunamannafrétti falla Leirá og Særingsdalsá til Stóru-Laxár. Heiðará fellur í Leirá. Í Leirá og Heiðará eru staðbundnir stofnar bleikju og urriða en ekki er vitað um fiskastofna í Særingsdalsá og Stóru-Laxá ofan ármóta við Leira. Til Hvítár ofan Gullfoss falla bergvatnsárnar Búðará, Stangará, Sandá og Grjótá og Jökulkvísl. Í Búðará fellur Melrakkaá og Blákvísl. Til Sandár falla Svíná og Innri- og Fremri-Rauðá. Á vatnasvæðinu er bleikja og urriði og einhver veiði er stunduð, einkum í ósunum við Hvítá þar sem litaskil eru milli bergvatns og jökulvatns. Ekki er skipuleg veiðinýting á svæðinu og ekki liggur fyrir veiðiskráning. (Guðni Guðbergsson Veiðimálastofnun, 2016).

2.7.2 Hagnýt jarðefni

Engin heildstæð úttekt hefur verið gerð á hagnýtum jarðefnum á svæðinu. Í samræmi við 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ber að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir allri efnistöku. Gerð er grein fyrir efnistökusvæðum í greinargerð aðalskipulagsins og þau sýnd á uppdráttum.

2.8 VERNDARSVÆÐI


Engin friðlýst svæði eru í Hrunamannahreppi en Gullfoss er í Hvítá og því að hluta innan sveitarfélagsins. Á náttúruminjaskrá eru Kerlingarfjöll og austurbakki Hvítárgljúfurs. Þá eru allmörg hverfisverndarsvæði og vatnsverndarsvæði í sveitarfélaginu. Gerð er grein fyrir þessum svæðum í greinargerð með aðalskipulaginu.

3 ÍBÚAR, ATVINNA OG BYGGÐ

Í kaflanum er fjallað um íbúafjölda í Hrunamannahreppi og byggir umfjöllunin á opinberum gögnum frá Hagstofu Íslands (kafla 3.1). Þá er fjallað um atvinnumál og helstu atvinnuvegi í sveitarfélaginu (kafla 3.2) og einnig opinbera þjónustu og samstarf sveitarfélaga (kafla 0).


3.1 ÍBÚAÞRÓUN, ALDURSDREIFING OG ÍBÚASPÁR

Nær stöðug fjölgun íbúa hefur átt sér stað í Hrunamannahreppi frá árinu 1998 til 2015 (Mynd 14). Á árunum 2002 - 2004 fækkaði heldur í sveitarfélaginu en árið 2008 náði íbúafjöldinn hámarki en þá voru íbúar 805 talsins. Síðan fækkaði aftur til ársins 2012 en síðan þá hefur heldur fjölgað og 1. janúar 2015 voru íbúar orðnir 794.




Mynd 14. Íbúafjöldi eftir árum frá 1998-2015 og spá til ársins 2032. Spá um íbúafjölda miðast við mannfjöldaspá Hagstofunnar (Hagstofa Íslands, 2015).

Mynd 15 sýnir hlutfallslega fjölgun íbúa í Hrunamannahreppi borið saman við fjölgun íbúa á landsvísi. Íbúum fækkaði árið 2002 og 2003 en fjölgaði eftir það. Aftur tók íbúum að fækka 2008 og 2009 en þá fækkaði íbúum einnig á landsvísi. Loks varð fækkun árið 2011 en síðan hefur íbúum fjölgað. Fjölgun í Hrunamannahreppi varð hlutfallslega meiri þar en á landsvísi 1999, 2001 og 2004 og munar þar töluverðu. Fækkunin varð einnig meiri og í þriggja hundrað hefur orðið fækkun þar en ekki á landinu öllu.



Mynd 15. Fjölgun íbúa í hrunamannahreppi borið saman við fjölgun íbúa á landsvísi.


Mynd 16 hér að neðan sýnir aldursdreifingu karla og kvenna í Hrunamannahreppi í samanburði við aldursdreifingu á landinu öllu. Athygli vekur að fólk á aldrinum 30 - 40 ára er hlutfallslega færri í hreppnum en á landinu og sama gildir um aldurshópinn 60-64 ára. Einnig vekur athygli að karlar eru nokkuð fleiri en konur í nær öllum aldursflokkum í Hrunamannahreppi enda búa fleiri karlmenn en konur í sveitarfélaginu eða 426 karlar á móti 368 konum.



Mynd 16. Aldursdreifing íbúa í Hrunamannahreppi borin saman við aldursdreifingu á landsvísu (Hagstofa Íslands, 2015).

Íbúapróun í þéttbýli - Flúðir

Mynd 17 sýnir að íbúum hefur einnig fjölgað á Flúðum en íbúafjöldi hefur staðið nánast í stað þar síðan 2013. 1. janúar 2015 bjuggu 419 manns á Flúðum.



Mynd 17. Íbúafjöldi á Flúðum 1998 - 2015 (Hagstofa Íslands, 2015).

Forsenda þéttbýlismyndunar á Flúðum var jarðhitinn og vitundarvakning hvað varðaði ylræktun á Íslandi. Á Flúðum er verslun og veitingasala, sundlaug var tekin í notkun þar síðsumars 1946 (*Hitaveita Flúða*, 1991), og félagsheimili Hrunamanna var vígt 1958 (*"Félagsheimilið," án ártals.*). Íþróttahús var tekið í notkun árið 1993 og árið 2015 lauk framkvæmdum við stækkun þess. Þá er þar einnig grunnskóli og leikskóli. Flugvöllur er á Flúðum og hefur Flugklúbbur Flúða þar aðstöðu.

Ýmis félagasamtök eru í Hrunamannahreppi og má þar nefna búnaðarfélag, kvenfélag, ungmennafélag, sauðfjárræktarfélag, hrossaræktarfélag, hestamannafélagið Smári, skógræktarfélag, landgræðslufélag, björgunarfélagið Eyvindur, ungliðadeildin Vindur, kiwanisklúbburinn Gullfoss, golfklúbburinn á Flúðum, þróunarfélag, akstursíþróttafélagið Hreppar, Kappar og Upplit og menningarklasi Árnæssýslu.

3.2 ATVINNA

Mjög erfitt er að nálgast gögn um atvinnu í sveitarfélögum og hvernig atvinnuskipting er innan hvers sveitarfélags. Ætla má að flest ný störf undanfarinna ára séu á sviði ferðaþjónustu. Nýir þjónustuaðilar hafa bæst í hóp þeirra sem fyrir eru á hverju ári um nokkurt skeið. Töluverð uppbygging hefur átt sér stað í afþreyingar- og veitingaþjónustu og þá færist það sífellt í aukana að bændur reki ferðaþjónustu samhliða hefðbundnum búskap.

Opinber stöðugildi sveitarfélagsins árið 2015 voru 56,7 sem er ívið hærra en hjá nágrennasveitarfélögum. Þar af eru 20 stöðugildi þar sem starfsmenn eru í Kennarasambandi Íslands (*Samband íslenskra sveitarfélaga, 2015*).





Unnin hefur verið atvinnustefna þar sem m.a. kemur fram að meginhlutverk hennar er að tryggja jafnvægi og stöðugleika innan samfélagsins og að ávallt verði leitast við að samhæfa verkefni sveitarfélags þróun atvinnu- og mannlífs á svæðinu. Þá verður leitast við að halda úti samráðsvettvangi sveitarstjórnar og annarra hagsmunaaðila. Þetta er gert með það að leiðarljósi að skapa og varðveita þá umgjörð sem þarf til þess að í Hrunamannahreppi verði stöðug og farsæl framþróun í atvinnumálum í uppbyggilegu samstarfi við fyrirtæki og einstaklinga, innan og utan sveitar.

Atvinnustefnan er þríþætt; samfélag, framkvæmd og kynning/eftirfylgni.

- Samfélag: Mörkuð er stefna þar sem er að finna helstu áherslur fyrir mannlíf og atvinnulíf sem hrinda á í framkvæmd á gildistíma atvinnustefnunnar.
- Framkvæmd: Lögð verður fram aðgerðaráætlun fyrir stefnumörkunina annað hvert ár í samráði við hagsmunaaðila og að teknu tilliti til ábendinga frá íbúum og öðrum er málið varðar. Þar er verkefnum forgangsraðað og sett mælanleg markmið og tímasett áætlun um hvern verkþátt.
- Kynning/eftirfylgni: Fenginn verður utanaðkomandi aðili til að fylgjast með og gera úttekt á markmiðum og framfylgd atvinnustefnunnar. Þessi úttekt verður kynnt á vorfundum. (*Finnbogi Alfreðsson - SASS, 2015*)

Landbúnaður

Öflugur landbúnaður er stundaður í sveitarfélaginu. Upplýsingar um fjölda búfjár eru fengnar frá Hagstofu Íslands. Nautgripum hefur fjölgað á tímabilinu en bæði nautgripum og mjólkurkúm fækkaði nokkuð á árunum 2002 - 2005 er fjöldinn var í lágmarki. Síðan þá hefur þeim fjölgað aftur og staðið nokkuð í stað undanfarin ár. Sauðfé tók að fækka upp úr aldamótum en hrossum hefur fjölgað lítillega undanfarin ár. Alifuglum hefur fjölgað mjög mikið síðan 1995 en alifuglabændur eru of fáir til að leyfilegt sé að birta gögn yfir fjölda fugla eftir árum og ekki fengust uppgæfnaðar tölur um alifugla fyrir árið 2014. Engin svín hafa verið skráð í sveitarfélaginu síðan 2003 en loðdýrabændur það fáir að tölur fást ekki uppgæfnaðar.



Ylrækt

Sveitarfélagið er þekkt fyrir framleiðslu á grænmeti og í Hrunamannahreppi eru fjölmargar gróðrarstöðvar, flestar á Flúðum. Fyrsta býlið var reist á Flúðum árið 1930 (*Ágúst Guðmundsson, 1996*) en með þéttbýlismyndun á Flúðum uppúr 1950 hefur garðyrkja og ylrækt verið helsta atvinnugreinin í sveitarfélaginu. Helst er fengist við blóma- og grænmetisrækt. Aðallega eru ræktaðir tómatar, gúrkur, paprikur og jarðarber í gróðurhúsum en úti eru ræktaðar allar helstu tegundir grænmetis. Þá er eina svepparæktun landsins starfrækt á Flúðum. Ekki liggja fyrir framleiðslutölur varðandi grænmetisræktun, hvorki fyrir sveitarfélagið né á landsvísu.

Ferðapjónusta


Fjöldi sumarhúsa er í Hrunamannahreppi og á Flúðum er rekið fjölsótt tjaldsvæði og þar er einnig vaxandi hjólhýsabyggð. Á Flúðum er mjög góð íþróttaaðstaða, þar er fjölsótt sundlaug og við Hverahólmann í Grafarhverfinu hefur ein elsta sundlaug landsins verið endurgerð og opnuð fyrir gestum, en hún var gerð árið 1891. Þá eru reiðhöll og reiðvöllur á Flúðum. Á sumrin eru haldnir ýmiskonar viðburðir m.a. til að laða að ferðamenn s.s. Uppskeruhátíð og skipulögð hátíð um Verslunarmannahelgi þar sem dráttarvélatorfæran laðar til sín fjölmarga gesti.

Í sveitarfélaginu eru tveir golfvöllir, 9 og 18 holu og einnig er 18 holu fótboltagolfvöllur skammt frá Flúðum. Víða er rekin fjölbreytt ferðapjónusta og má þar nefna veitingasölu, grænmetissölu, hestaleigu, tjaldsvæði/hjólhýsasvæði, söfn, handverkssölu og fleira.

Þá eru fjölbreyttar gönguleiðir við allra hæfi í sveitarfélaginu. Unnið er að uppbygginu gönguleiða á hálendinu, m.a. á Kerlingarfjallasvæðinu. Með tilkomu nýrrar brúar yfir Hvítá um Bræðratunguveg eru einungis um 10 km í Reykholt í Bláskógabyggð og um 25 km að Geysi í Haukadal.



Mynd 18. Hjólhýsasvæði á Flúðum.



Mynd 19. Kerlingafjallasvæðið.

3.3 OPINBER ÞJÓNUSTA OG SAMSTARF SVEITARFÉLAGA

Í Hrunamannahreppi er veitt margvísleg þjónusta við íbúana. Sveitarfélagið rekur grunn- og leikskóla og hefur samstarf við nágrannasveitarfélög á fjölmörgum sviðum og er nánar vikið að þeim helstu hér aftar.

Stjórnsýsla

Miðstöð stjórnsýslunnar er á Flúðum. Mikið samstarf er á milli Hrunamannahrepps og annarra sveitarfélaga í uppsveitum Árnessýslu;

- Sameiginlegur ferðamálafulltrúi Uppsveitanna hefur aðsetur í Aratungu
- Sameiginlegt tæknisvið Uppsveitanna er með aðsetur á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi.
- Hrunamannahreppur er aðili að Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings ásamt Bláskógabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Flóahreppi, Hveragerði og Sveitarfélaginu Ölfusi. Hún fer jafnframt með málefni barnaverndarnefndar.
- Félagsþjónusta Hrunamannahrepps er staðsett í Laugarási.
- Héraðsnefnd Árnesinga bs. tók til starfa 1. janúar 2013. Öll sveitarfélög í Árnessýslu standa að byggðasamlaginu og það annast stjórn og rekstur eftirtalinna stofnana: Listasafn Árnesinga, Byggðasafn Árnesinga, Héraðsskjalasafn Árnesinga, Tónlistarskóli Árnesinga, Almannavarnir Árnessýslu og Brunavarnir Árnessýslu.

Skólar

Flúðaskóli var stofnaður 1929 og var einn af fyrstu heimavistarskólum landsins. Skólinn var upphaflega kallaður Flúðir og var í svo kölluðu Grafarhverfi í landi Hellisholta. Núverandi skólahúsnæði var reist á árunum 1964 - 1968. Heimavist var í skólanum í um 60 ár en hún hefur nú verið lögð niður. Þann 1. janúar 2016 voru 118 nemendur skráðir í nám við Flúðaskóla í 1. - 10. bekk og þar eru um 24 stöðugildi í allt (*Samband íslenskra sveitarfélaga, 2015*). Nemendur koma úr þéttbýlinu á Flúðum og dreifbýlinu í kring en einnig koma nemendur í 8., 9. og 10. bekk úr Skeiða- og Gnúpverjahreppi í Flúðaskóla og ljúka þar grunnskólanámi. Tónlistarkennsla er á skólatíma í samstarfi við Tónlistarskóla Árnesinga og Tónsmiðju Suðurlands, íþróttakennsla fer fram í íþróttahúsinu á Flúðum og sundkennsla fá nemendur í sundlaug staðarins (*Flúðaskóli, 2016*).

Á Flúðum er leikskólinn Undraland, þriggja deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Þar voru 38 börn skráð í vistun þann 1. janúar 2016 og við leikskólann eru tæplega 11 stöðugildi (*Samband íslenskra sveitarfélaga, 2015*). Leikskólinn var stofnaður 1982.

Heilsugæsla

Heilbrigðisstofnun Suðurlands starfrækir heilsugæslustöð í Laugarási.

Brunavarnir Árnessýslu

Sjá umfjöllun um Héraðsnefnd Árnesinga bs. hér að framan. Brunavarnir hafa starfsstöðvar á Selfossi, Stokkseyri, Þorlákshöfn, Laugarvatni, Reykholti og Árnesi, þ.e. slökkvibíla, húsnæði og mannskap.

Sorpstöð Suðurlands bs.

Hrunamannahreppur er aðili að Sorpstöð Suðurlands bs, en það er byggðasamlag í eigu 13 sveitarfélaga í Árnes- og Rangárvallasýslum. Hlutverk samlagsins er að annast sorpmóttöku og sorpförgun fyrir aðildarsveitarfélögin. Sveitarfélagin sjá hvert um sig um rekstur gámasvæða og sorphirðu.

Sorpstöð Suðurlands bs. stóð að gerð svæðisáætlunar fyrir starfssvæði sitt. Svæðisáætlunin fjallar um meðhöndlun úrgangs 2005-2020. Með gerð svæðisáætlunar voru skilgreind þau markmið sem vinna skal eftir til þess að auka endurnýtingu og lágmarka förgun úrgangs. Hrunamannahreppur samþykkti svæðisáætlunina árið 2005.

Sorphirðu hefur verið komið á í Hrunamannahreppi og eru allir íbúar með 2 ílát undir sorp. Annars vegar fyrir pappír og hins vegar fyrir annað sorp. Á Flúðum er gámasvæði þar sem tekið er á móti grófum úrgangi og á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu eru svokölluð grenndarsvæði en þar eru gámar annars

vegar fyrir heimilissorp og hins vegar fyrir pappír. Þessi grenndarsvæði eru við Stóru-Laxárbrú, við Langholtsfjall, í Heiðabyggð, á Flúðum, við Ölfusholt og í Ásabyggð (*Ester Anna Ármannsdóttir, án ártals*).

Veitur

Fráveitan sér um rekstur fráveitukerfis í þéttbýlinu á Flúðum og í norðurhluta hverfisins er hreinsistöð. Rotþrær í sveitarfélaginu eru að jafnaði losaðar þriðja hvert ár nema þar sem um stærri þrær er að ræða, þær eru losaðar árlega. Seyra er unnin á iðnaðarsvæðinu á Flötum og nýtt til landgræðslu á Hrunamannafrétti í samvinnu við Landgræðslu ríkisins og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands (*Hannibal Kjartansson, munnleg heimild, 10. nóvember 2015*).

Fyrst var borað eftir heitu vatni á Flúðum árið 1949 en þá voru boraðar þrjár holur. Hitaveita Flúða var stofnuð árið 1966 í kjölfar þess var fjórða hola boruð (Hóla 4) sem gaf 10 l/sek. Þessi hola var svo dýpkuð og gefur um 100°C heitt vatn. Árið 1991 tók sveitarfélagið við rekstri hitaveitunnar og dreifir vatni um þéttbýlið og nágrenni þess auk fjögurra sérveitna. Árið 2001 var hitaveita lögð niður eftir sveitinni að Hólakoti. Hitaveitan þjónar yfir fjögur hundruð notendum (*Hitaveita Flúða, 1991*).

Upphaf vatnsveitu á Flúðum má rekja til ársins 1949 en þá var fyrst lögð vatnslögn í gamla skólann og sundlaugina. Árið 1978 var stofnað vatnsveitufélagið Básar en þá voru tvær lindir í landi Hruna virkjaðar. Hreppurinn yfirtók félagið árið 1980 og vatnsveitan þjónar þéttbýlinu á Flúðum auk um fjörutíu bæja í Hrunamannahreppi ásamt bæjunum í Skarði og Reykjatorfunni í Skeiða og Gnúpverjahreppi. Einnig þjónar hún um 230 sumarbústöðum vítt og breytt um hreppinn (*"Vatnsveita Flúða," 2013*). Einnig er mikill fjöldi einkaveitna en gerð er grein fyrir veitum í greinargerð aðalskipulagsins.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs. er byggðasamlag sem hefur það hlutverk að annast lög-bundin verkefni byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa á starfssvæði samlagsins. Þau sveitarfélög sem eiga aðild að byggðasamlaginu eru Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Flóahreppur og Ásahreppur (*Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs., án ártals*).

4 UMHVERFISSKÝRSLA

Í umhverfisskýrslu eru metin áhrif af stefnu sveitarstjórnar Hrunamannahrepps, sem gerð er grein fyrir í greinargerð með aðalskipulagi, á umhverfið. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss. Einnig er metið hvernig stefnan samræmist aðalskipulögum aðliggjandi sveitarfélaga sem og lögum, reglugerðum og sáttmálum sem lúta að þessum málaflokki.

4.1 MATSSKYLDA

Markmið laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 er að „*stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Það skal gert með umhverfismati tiltekinnar skipulags- og framkvæmdaáætlana stjórnvalda sem líklegt er að hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfið*“. Samkvæmt 3. grein gilda lögin „*um umhverfismat þeirra skipulags- og framkvæmdaáætlana og breytinga á þeim sem marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Skipulags- og framkvæmdaáætlanir skulu vera undirbúnar og/eða samþykktar af stjórnvöldum og unnar samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra*“ (Alþingi Íslands, 2006).

Þá segir í 12. grein skipulagslaga nr. 123/2010 að „*við gerð skipulagsáætlana skal gera grein fyrir áhrifum áætlunar og einstakra stefnumiða hennar á umhverfið, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma, og umhverfismati áætlunarinnar, ef við á. Þá skal jafnframt við gerð skipulagsáætlana hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi*“ (Alþingi Íslands, 2010).

Í vinnu við mat á umhverfisáhrifum skal í fyrstu ákveða umfang og áherslur matsins. Horft er á hvaða stefnu í aðalskipulaginu er vert að meta m.t.t. umhverfisáhrifa, en þá eru þau atriði skoðuð sem talin eru hafa mest áhrif á umhverfið. Höfð er hliðsjón af leiðbeiningarskjali Skipulagsstofnunar við val á þeim umhverfisþáttum og viðmiðum sem lögð eru til grundvallar matinu (Skipulagsstofnun, 2010). Skoðað er hvort stefnan sem sett er fram í aðalskipulaginu hafi í för með sér umtalsverðar breytingar frá núverandi ástandi, þ.e. núll kosti.

4.2 UMHVERFISÞÆTTIR OG STEFNA SVEITARSTJÓRNAR

Umhverfisþáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem skoðuð er hverju sinni. Í matslýsingu voru tilteknir þeir umhverfisþættir sem líklegt væri að yrðu valdir til umfjöllunar í umhverfisskýrslu en hér er flokkun þeirra breytt lítilllega.

Metið er hvort og þá hvaða áhrif valkostir í stefnu sveitarfélagsins hafa á neðangreinda umhverfisþætti:

- Náttúra; dýralíf og gróður, vistfræði. Metið er hvort stefna skipulagsins hafi áhrif á náttúrur svæðisins og hvort það sé til bóta, t.d. „bætir“ uppgræðsla og plöntun gróður og dýralíf og þar með vistkerfið í heild þótt það spilli þeirri vistfræði sem fyrir er á svæðinu.
- Samfélag; efnahagur, atvinna, útivist, ferðamennska, byggð, landnotkun. Horft er til áhrifa á samfélagið í heild og hvort framkvæmd áætlunar komi til með að styrkja byggð og bæta lífsgæði íbúa á svæðinu.
- Samgöngur; vegir og brýr, hjóla-, reið- og gönguleiðir. Mun framkvæmd stefnunnar hafa áhrif á nýjar/núverandi leiðir.
- Heilsa og öryggi; mengun, náttúruvá, grunnvatn. Er einhver hættu á mengun vegna stefnu skipulagsins eða stofnar hún til aukinnar áhættu fyrir almenning í sveitarfélaginu.
- Minjar; menningarminjar, náttúruminjar, verndarsvæði. Metið hvort minjum og verndarsvæðum stafi hættu af stefnu skipulagsins.

Í kafla 0 eru bornir saman mismunandi valkostir fyrir stefnu aðalskipulagsins. Í umhverfismati áætlana ber að fjalla um svokallaðan núll-kost og bera breytta stefnu skipulagsins saman við hann, eftir því sem við á. Núll kostur „*felur í sér lýsingu á ástandi umhverfisins, eins og búast má við að það þróist ef ekki kemur til framfylgdar áætlunarinnar. Í einhverjum tilfellum getur samanburður við núllkostinn falist í samanburði við framfylgd gildandi áætlunar*“ (Skipulagsstofnun, 2007).

4.3 HELSTU VIÐMIÐ

Umhverfisviðmið eru þeir mælikvarðar sem stefna aðalskipulagsins er borin saman við, til að geta tekið afstöðu til þess hvort viðkomandi stefna sé talin hafa æskileg eða óæskileg áhrif, veruleg eða óveruleg.

Ákveðið var að meta umhverfisáhrif gagnvart stefnu stjórnvalda á landsvísi um sjálfbæra þróun eins og hún hefur verið sett fram í stefnu ríkisstjórnarinnar „*Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi.*“ (Umhverfissráðuneytið, 2002). Stefna um sjálfbæra þróun var samþykkt í ríkisstjórn árið 2002. Í ritinu kemur fram endurskoðuð stefna stjórnvalda og þar er markmiðum og leiðum að þeim lýst varðandi:

- Heilbriggt og öruggt umhverfi.
- Vernd náttúru Íslands.
- Sjálfbæra nýtingu auðlinda.
- Hnattræn viðfangsefni.

Áhrif af stefnu aðalskipulagsins á einstaka þætti umhverfisins eru metin og gefin einkunn, m.a. eftir því hvort þau eru talin jákvæð eða neikvæð. Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á tveimur meginþáttum sem eru:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti skv. fyrirbyggjandi gögnum.

Eftirtalin viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og alþjóða skuldbindingar eru lagðar til grundvallar við matið:

Stefnumörkun	Samræmi við stefnu sveitarfélagsins
Lög	
Lög um umhverfismat áætlana. nr. 105/2006	Stefna sveitarfélagsins er í samræmi við markmið laganna að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlunargerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Það skal gert með umhverfismati tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana stjórnvalda sem líklegt er að hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfið.
Skipulagslög nr. 123/2010	Stefna sveitarfélagsins er í samræmi við markmið laganna að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
Lög um menningarminjar nr. 80/2012	Stefna sveitarfélagsins er í samræmi við tilgang laganna að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Þá kveða lögin á um að allar minjar 100 ára og eldri séu fornminjar sbr. 29. gr. laganna. Þar segir einnig að til fornleifa teljist „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða manna- verk eru á.“
Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.	Stefna sveitarfélagsins er í samræmi við markmið laganna að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum. Lögin miða jafnframt að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda og annarra náttúrugæða. Samkvæmt 50. gr eiga mannvirki að falla sem best að svipmóti lands.

	Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er: eldvörp, gervígígar og eldhraun, stöðuvötn og tjarnir, mýrar og flóar, fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, sjávarfitjar og leirur. <i>Óbyggt víðerni:</i> Svæði í óbyggðum, að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.
Jarðalög nr. 81/2004	Stefna sveitarfélagsins er í samræmi við markmið laganna um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land og nýta það og stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölpætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.
Reglugerðir	
Skipulagsreglugerð nr. 90/2013	Stefna sveitarfélagsins er í samræmi við markmið reglugerðarinnar að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efna-hagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi. Ennfremur að stuðlað verði að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 797/1999	Stefna sveitarfélagsins er í samræmi við markmið reglugerðarinnar að koma í veg fyrir mengun grunnvatns af mannavöldum. Einnig er það markmið að takmarka afleiðingar mengunar sem þegar hefur orðið á grunnvatni.
Reglugerð um neyslu-vatn nr. 536/2001	Stefna sveitarfélagsins er í samræmi við markmið reglugerðarinnar að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint.
Reglugerð um eldishús alifugla, loðdýra og svína nr. 520/2015	Stefna sveitarfélagsins er í samræmi við gr. 2. Sveitarstjórn tekur ákvarðanir um fjarlægðir með hliðsjón af ákvæðum reglugerðarinnar. Staðsetning eldishúsa skal vera í samræmi við skipulagsáætlanir og skipulagsreglugerð. Fjarlægðarmörk skulu ákvörðuð í skipulagsáætlunum að teknu tilliti til hugsanlegra umhverfisþátta og þeirra lágmarksfjarlægða sem kveðið er á um í reglugerð þessari. Eldishús má aðeins byggja á svæðum sem skipulögð eru fyrir landbúnað, iðnað eða þar sem hefur verið mörkuð stefna í aðalskipulagi um staðsetningu eldishúsa. Við ákvörðun um staðsetningu annarra mannvirkja en eldishúsa, sem eru óháð búrekstri viðkomandi jarðar, svo sem atvinnuhúsnæðis, íbúðar- eða frístundahúsa, skal þess gætt að notkun þeirra geti farið saman við þá starfsemi sem er á viðkomandi stað.
Önnur stefnumörkun	
Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi til 2020	Stefna sveitarfélagsins er í samræmi við stefnu um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi og tekur tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu. Vöxtur verði í ferðaþjónustu á Íslandi og honum mætt með aðgerðum sem komi í veg fyrir skaða á náttúrunni vegna aukinnar umferðar.
Aðalskipulag Flóahrepps 2015 - 2028	Stefna sveitarfélagsins samræmist stefnu í aðalskipulagi Flóahrepps 2015 - 2028 hvað varðar helstu málaflokka s.s. verndarsvæði, samgöngur, þ.m.t. göngu- reið og hjólaleiða.
Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2015.	Stefna sveitarfélagsins samræmist stefnu í aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004 – 2015 hvað varðar helstu málaflokka s.s. verndarsvæði, samgöngur, þ.m.t. göngu- reið og hjólaleiða.
Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027	Stefna sveitarfélagsins samræmist stefnu í aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027 (sem nú er í vinnslu) hvað varðar helstu málaflokka s.s. verndarsvæði, samgöngur, þ.m.t. göngu- reið og hjólaleiða.
Náttúruverndaráætlun Alþingis 2009-2013 og Náttúruinjasrá. og Náttúruinjasrá.	Stefna sveitarfélagsins samræmist náttúruverndaráætlun og Náttúruinjasrá um afmörkun sérstakra svæða m.t.t. náttúrufars og mörkuð stefna um verndun. Að mestu leyti byggja þær á greiningu og mati sérfræðinga sem hafa rannsakað náttúrufar landsins og metið verndargildi þess. Við stefnumörkun hefur verið tekið mið af náttúruverndaráætlun Alþingis til 2013 og Náttúruinjasrá.

Samgönguáætlun 2011-2022	Stefna sveitarfélagsins er í samræmi við samgönguáætlun sem lögð var fyrir Alþingi 2011 – 2012 og gildir til ársins 2022.
Svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2015	Gert er ráð fyrir að svæðisskipulagið verði felld úr gildi þegar landskipulagsstefna verður staðfest.
Landsskipulagsstefna	Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 ber ráðherra að leggja fram landsskipulagsstefnu innan 2 ára frá því að ný ríkisstjórn hefur tekið við völdum. Engin landsskipulagsstefna er í gildi í dag.
Þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða	Í tillögunni voru virkjanakostir skv. Rammaáætlun flokkaðir í verndarflokk, biðflokk og orkunýtingarflokk.
Tillaga til þingsályktunar um mótun stefnu stjórnvalda um flokkun, vernd og skráningu ræktunarlands	Stefna sveitarstjórnar er í samræmi við það markmið þingsályktunartillögunnar að stuðla að því að gerð verði áætlun um vernd góðs ræktunarlands í merkingunni ræktað eða ræktanlegt land, enda er það mikilvæg, takmörkuð auðlind sem ýmist getur eyðst, rýrnað eða vaxið.
Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði	Stefna sveitarfélagsins er í samræmi við markmið rammaáætlunar að skapa faglegar forsendur fyrir ákvörðun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði. Í áætluninni skal leggja mat á og flokka virkjunarkosti, jafnt vatnsafls og háhita og áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar, meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina og meta áhrif á hagsmunum allra þeirra sem nýtt geta þessi sömu gæði.
Samningar	
Ramsar samningur um votlendi	Stefna sveitarfélagsins er í samræmi við markmið samningsins sem gerir ráð fyrir verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla.
Samningur um líffræðilega fjölbreytni	Stefna sveitarfélagsins er í samræmi við þríþætt markmið samningsins að vernda líffræðilega fjölbreytni, að tryggja að nýting lífrænna auðlinda sé sjálfbær og að arðinum af nýtingu þeirra sé skipt með réttlátum hætti.
Rammasamningur um loftlagsbreytingar	Stefna sveitarfélagsins er í samræmi við markmið samningsins um að koma í veg fyrir röskun á loftslagskerfinu af mannavöldum, og tryggja þannig að matvælaframleiðslu í heiminum verði ekki stefnt í hættu og að efnahagsþróun geti haldið áfram á sjálfbæran máta.

Umhverfismatið er sett fram í töflum þar sem áhrifin eru metin m.t.t. til umhverfisþátta og útskýring er á niðurstöðunum í texta. Við greiningu á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti er notast við eftirfarandi skilgreiningu:

+	Stefna rannaskipulags hefur jákvæð áhrif.
0	Stefna rannaskipulags hefur óveruleg áhrif
-	Stefna rannaskipulags hefur neikvæð áhrif
?	Stefna rannaskipulags hefur óviss áhrif

Tafla 1. Skilgreining á vægi áhrifa á umhverfisþætti.

4.4 SAMANBURÐUR VALKOSTA

Nýtt aðalskipulag er að miklu leyti uppfærð skipulagsáætlun í samræmi við breytt lög um gerð aðalskipulags nr. 123/2010. Breyting landnotkunar er ekki í þeim mæli að meta þurfi það í umhverfisskýrslu.

Í nýju aðalskipulagi eru eftirfarandi valkostir metnir með tilliti til áhrifa á ofangreinda umhverfisþætti.

Valkostur		Lýsing
Gildandi skipulag - núll kostur		Stefnt er að öflugum og fjölbreyttu atvinnulífi í sveitarfélaginu sem m.a. byggist á landbúnaði, matvælaframleiðslu, ferðaþjónustu, nýtingu jarðvarma og nýsköpun. Stefnt verður að því að góð landbúnaðarsvæði verði nýtt áfram til landbúnaðar og stutt verður við búrekstur og byggð með góðum samgöngum, bættum fjarskiptum og aðgangi að þriggja fasa rafmagni. Lögð verður áhersla á að viðhalda blómlegum landbúnaði í sveitarfélaginu og úrvinnslu landbúnaðarafurða í héraði. Gert er ráð fyrir íbúabyggð í tengslum við núverandi býli og forðast skal stök hús á víðavangi. Lögð verður áhersla á að efla alhliða ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir tveimur verslunar- og þjónustusvæðum á hálendinu; í Svínárnesi og í Ásgarði í Kerlingarfjöllum. Í Svínárnesi verður mögulegt að byggja upp frekar, bæði gisti-skála og þjónustu í samræmi við skilgreiningu svæðisskipulagsins. Gera skal grein fyrir gerð og umfangi bygginga og annarra mannvirkja í deiliskipulagi. Í Kerlingarfjöllum er gert ráð fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu í samræmi við skilgreiningu svæðisskipulagsins. Þar verður mögulegt að þróa áfram og byggja upp alhliða þjónustumiðstöð ferðamanna s.s. hótél og/eða aðra gistiaðstöðu í húsum, veitingastarfsemi, tjaldsvæði o.þ.h. Uppbygging þjónustumannvirkja verður fyrst og fremst í Ásgarði, þ.e. á því svæði sem þegar er nýtt fyrir ferðaþjónustu. Ekki er gert ráð fyrir nýjum efnistökusvæðum á afréttinum.
Nýtt skipulag	Flokkun landbúnaðarlands	Gert er ráð fyrir að vernda gott akuryrkjuland gagnvart framkvæmdum sem takmarki möguleika til ræktunar. Flokkun landbúnaðarlands byggist á greiningu sem unnin var fyrir sveitarfélagið þar sem landi er skipt í fjóra flokka út frá ræktunarhæfni. Beinist verndun sérstaklega að akuryrkjulandi, þ.e. landbúnaðarlandi sem lendir í flokki I og II. Unnið verður að nánari flokkun landbúnaðarlands með það að markmiði að vernda úrvals ræktunarland til matvælaframleiðslu til framtíðar. Ekki verður heimiluð landnýting sem hamlar til lengri tíma ræktunarmöguleikum á góðu akuryrkjulandi (flokkur I og II). Á landbúnaðarlandi í flokki I og II skulu ný mannvirki að jafnaði reist í nágrenni núverandi byggðar til að vernda gott samfelld ræktarland samhliða því að nýta sem best þau þjónustukerfi sem fyrir eru og ný íbúðar- eða frístundahverfi verða ekki heimiluð á akuryrkjulandi. Heimilt verði að stunda annan minniháttar atvinnurekstur á landbúnaðarsvæðum enda skerði það ekki gott akuryrkjuland.
	Uppbygging skála/ þjónustusvæða og hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum.	Áfram verður gert ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæði í Svínárnesi og Kerlingarfjöllum, aðallega til að sinna fjallahjóla- og göngufólki sem og hestaferðum og samræmist sú uppbygging gildandi skipulagi og þarf því ekki að meta það sérstaklega. Gert er ráð fyrir að efla ferðaþjónustu með uppbyggingu þjónustu og leiða um hálendið. Á Ásgarðssvæðinu er gert ráð fyrir talsverðri uppbyggingu og hér verða þær helstu nefndar: uppbygging með tengingu við aðalbyggingu og stækkun hennar, endurbygging og stækkun á nokkrum núverandi skála, nýbygging við núverandi tjaldsvæði auk gerð tveggja nýrra tjaldsvæða, endurbygging á ferðafélagshúsi, nýr búningssklefi, snyrting og gufubaðshús við borholu í Gili, endurbætur á fráveitum, hús-bílastæði og lagningu raflínu í jörð. Í Hveradölum er gert ráð fyrir endurbyggingu og stækkun tveggja gönguskála. Þar er einnig gert ráð fyrir byggingu náttúrulaugar og náttúrugufulaðs auk hreinlætisaðstöðu við bílastæði ofan Hveradala. Þá verður borað eftir köldu vatni á svæðinu.

		Við Grákoll er gert ráð fyrir fjallaseli í tengslum við gönguleið sem kölluð er Hringbrautin og liggur í kringum Kerlingarfjöll þar sem gert er ráð fyrir skála sem rúma mun a.m.k. 12 manns í koju. Í Efri-Kisubotnum er gert ráð fyrir fjallaseli í tengslum við gönguleið sem kölluð er Hringbrautin og liggur í kringum Kerlingarfjöll. Skálinn mun rúma 12 manns í kojum. Samhliða uppbyggingu þjónustu verða gerðar og/eða stikaðar göngu- og reiðleiðir um svæðið.
	Efnistaka á afrétti	Í tengslum við framkvæmdir vegna uppbyggingar ferðamannaaðstöðu á afrétti, m.a. í Kerlingarfjölum er gert ráð fyrir efnistökusvæðum, aðallega vegna vega-gerðar. Af hagkvæmnis og umhverfisástæðum er gert ráð fyrir mörgum litlum efnistökusvæðum í og við veglinu enda er um viðhald fjallvega og slóða að ræða, ekki verulega uppbyggðar vegir. Almennt er lögð áhersla á nægt framboð efnistökusvæða í sveitarfélaginu en að efnistaka fari að jafnaði ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi. Þá er lögð áhersla á góða umgengni á nýtingartíma og góðan frágang eftir að efnistöku lýkur.

Helsta breytingin er að nú er stigið inn með flokkun á landbúnaðarlandi. Metin verða líkleg umhverfisáhrif þess að vernda gott landbúnaðarland. Einnig eru metin áhrif þess að byggja upp ferðamannastaði á Hrunamannaafretti og áhrif þess að opna ný efnistökusvæði í sveitarfélaginu.

Samanburður valkosta – 1. Flokkun landbúnaðarlands		
Valkostir -> Umhverfisþættir	Núll kostur – engin flokkun / ákvæði um nýtingu.	Flokkun – sérstök ákvæði um verndun lands til akuryrkju.
Náttúra	Engin áhrif.	Akuryrkja breytir verulega vistfræði og ásýnd. Þurrkun lands hefur áhrif á dýralíf. Þá hefur þurrkun lands vegna akuryrkju áhrif á votlendi. áhrif á votlendi.
Samfélag	Núverandi landbúnaðarstarfsemi styrkist á eigin forsendum. Aukið frjálsræði til fjölbreyttari landnotkunar sem getur styrkt byggð á svæðinu.	Hlúð að framtíðaröryggi landbúnaðar í sveitarfélaginu. Styrkir hagsmuni landsins varðandi matvælaframleiðslu. Byggð í sveitarfélaginu styrkist.
	Aukið frjálsræði í nýtingu lands kann að skaða landbúnaðarstarfsemi, sem er undirstöðu-atvinnuvegur í sv.félaginu.	Mannvirki verði reist sem næst núverandi mannvirkjum, bætir nýtingu veitukerfa.
	Ekki tryggt að gott landbúnaðarland verði eingöngu notað fyrir landbúnað. Engin stefnumörkun varðandi mannvirkjagerð á góðu landbúnaðarlandi.	Takmarkarandi gagnvart annarri landnýtingu á jörðum og skerðir þar með möguleika landeiganda til fjölbreyttari nýtingar.
Samgöngur	Aukið frjálsræði við lagningu nýrra leiða.	Nýjar leiðir kunna að hnika til og lengjast, til að spilla ekki góðu samfelldu akuryrjalandi.
Heilsa og öryggi	Kann að takmarka möguleika til matvælaframleiðslu á Íslandi til lengri tíma lítið.	Stuðlar að matvælaöryggi. Samræmist jarðalögum að vernda land sem er vel fallið til búvöruframleiðslu.
		Akuryrkja skapar aukna hættu á jarðvegsfoki á jarðvegi og úrrennsli. Land er opnara stærri hluta ársins og gróðursvörður veikur.
Minjar	Engin áhrif.	

Samanburður valkosta – 2. Uppbygging ferðapjónustu á Hrunamannafrétti		
Valkostir -> Umhverfispættir	Núll kostur – engin uppbygging fyrir ferðamenn á hálendinu	Uppbygging skála / þjónustusvæða og hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum.
Náttúra	Núverandi aðstaða annar ekki eftirspurn eftir þjónustu. Bæta verður aðstöðu/skipulag til að vernda náttúru.	Fjallasel við Grákoll kann að skerða víðerni. Aukin umferð ferðamanna hefur áhrif á gróður og vistkerfi.
	Engin skerðing á víðernum	Uppbygging og aukin viðvera stuðlar að verndun og eftirliti með viðkvæmri náttúru. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru flestar nálægt núverandi mannvirkjum
	Vöntun á þjónustu takmarkar fjölgun ferðamanna.	Lagfæring gönguleiða og vega minnkar átroðning utan vega/gönguleiða.
Samfélag	Ekki er brugðist við fjölgun ferðamanna. Tekjumöguleikar ekki nýttir.	Eflir ferðapjónustu á svæðinu og eykur afþreyingarmöguleika ferðamanna. Samræmist stefnu sveitarfélagsins um að lengja dvalartíma gesta. Skapar atvinnu í sveitarfélaginu.
Samgöngur	Ekki komið til móts við fjölgun ferðamanna með samgöngubótum – sem kann að leiða til of mikils álags á núverandi leiðir.	Merkar leiðir bæta öryggi í samgöngum á hálendinu. Umferð eykst með bættum samgöngum
Heilsa og öryggi	Öryggi ferðamanna á hálendinu er ekki nægilega tryggt.	Aukið öryggi fyrir ferðamenn á hálendinu kemur með aukinni viðveru á svæðinu. Merkar gönguleiðir hvetja til útivistar og hreyfingar.
Minjar	Umferð hefur aukist vegna fjölgunar ferðamanna. Bæta verður aðstöðu/skipulag til að vernda náttúru.	Umferð eykst enn frekar með bættri aðstöðu, getur haft áhrif á verndarsvæði.

Samanburður valkosta – 3. Efnistökusvæði á hálendinu		
Valkostir -> Umhverfispættir	Núll kostur – efnistökusvæði í byggð nýtt til uppbyggingar á hálendinu	Ný efnistökusvæði á hálendinu
Náttúra	Engin áhrif.	Efnistökusvæði hefur áhrif á ásýnd og gróður.
Samfélag	Ekki brugðist við þörf á efnistöku nálægt framkvæmdastað	Brugðist við efnisþörf nálægt framkvæmdastað
Samgöngur	Langar flutningsleiðir úr núverandi námum.	Flutningsleiðir stuttar. Verktími styttri
Heilsa og öryggi	Efnisflutningar skapahættu í umferðinni og aukið ónæði fyrir ferðafólk.	Opnar námur skapa hættu á jarðvegsfoki Umferð stórvirkra vinnuvéla á hálendinu skapar hættu í umferðinni
Minjar	Engin áhrif.	Þarf ekki að hafa áhrif.

4.5 SAMANTEKT / NIÐURSTAÐA MATS

Flokkun landbúnaðarlands

Samkvæmt jarðalögum nr. 81/2004 ber þeim sem eiga og nýta land að stuðla að skipulegri nýtingu þess í samræmi við landkosti og að tryggja að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota. Mikilvægt er að vernda gott ræktunarland til að stuðla að matvælaöryggi þjóðarinnar.

Iðulega er óskað eftir heimild til að byggja stök íbúðarhús eða frístundahús á góðu landbúnaðarlandi. Í sumum tilfellum skerða slíkar byggingar samfellu ræktunarlandi auk þess að skerða ræktunarlandið. Slíkt getur verið kostnaðarsamt þegar leggja þarf langar veitulagnir, þ.á.m. vegi að slíkum húsum. Hagkvæmara er að beina uppbyggingu að þeim svæðum þar sem byggð er fyrir og æskilegast að haga uppbyggingu þannig að hún skerði gott landbúnaðarland sem minnst, helst að hún sé utan akuryrkjúlunds. Það styrkir

Þá byggð sem fyrir er að fjölga notendum þeirra veitukerfa sem þegar eru fyrir hendi og halda þarf í rekstri í dreifðum byggðum. Bætt nýting núverandi kerfa styður því við umhverfissjónarmið og hagkvæma þróun byggðar. Aukin ræktun hefur áhrif á ásýnd lands og alltaf matskennt hvort ásýnd lands batnar eða versnar við ræktun. Þar sem þurrka þarf mýrlendi til ræktunar hefur það neikvæð áhrif á votlendi og á dýralíf á viðkomandi svæði. „*Vegna hárrar jarðvatnsstöðu mýra er niðurbrot jurtaleifa hægfare og afleiðing þess er sú að með tímanum safnast jurtaleifar fyrir og mynda mólög. Mýrar hafa því að geyma óhemju magn af kolefni og allar breytingar í kolefnisbúskap þessara vistkerfa því mikilvægar á hnattræna vísu*“ (Rannsóknarstofnun landbúnaðarins, 1999).

Hrunamannahreppur er öflugt landbúnaðarsvæði og þar er stundaður fjölbreyttur landbúnaður bæði með búfé og umfangsmikilla garðyrkju. Verndun akuryrkjulands styrkir stoðir þess fjölbreytta landbúnaðar sem rekinn er og eykur þannig atvinnuöryggi íbúanna þar sem tryggt er að gott landbúnaðarland verði notað til landbúnaðar um ókomna tíð. Takmarkanir landeiganda gagnvart annarri landnotkun s.s. íbúðar- eða frístundalóðum, kunna í afmörkuðum tilfellum að vera íþyngjandi en hafa ber í huga að slétt gras-/mó- eða votlendi með þykkum moldarjarðvegi þykja, almennt séð, ekki mjög eftirsóknarverð til frístunda- eða íbúðabyggingar, æskilegra að byggja þar sem landslag er meira og undirlag hentar betur til bygginga. Þá hafa flestar núverandi jarðir kost á því að nýta eigið land til slíkrar landnýtingar þar sem land sem lendir í flokki III eða IV má finna inna þeirra.

Nauðsynlegt er að huga að verndun votlendis í samræmi við náttúruverndarlög og alþjóðlegar skuldbindingar. Því þarf, samhliða því að nýtt land sé brotið til ræktunar að hlífa votlendustu svæðunum sem lengst.

Niðurstæða sveitarstjórnar Hrunamannahrepps er að umhverfisáhrif af verndun landbúnaðarlands til akuryrkju séu fremur jákvæð til lengri tíma lítið. Það er í samræmi við stefnu stjórnvalda og landslög að standa vörð um gott ræktunarland og nýta það til matvælaframleiðslu en gæta þarf að vernd votlendis þegar land er brotið til ræktunar.

Uppbygging ferðamannastaða á afrétti

Með því að byggja upp þjónustu á afrétti er komið til móts við ört vaxandi ferðamannastraum en gera má ráð fyrir að umferð um svæðið verði meiri á komandi árum. Undanfarin ár hefur orðið mikil fjölgun ferðamanna á svæðinu svo núverandi aðstaða annar vart eftirspurn. Uppbygging mun því bæta úr brýnni þörf.

Framkvæmdirnar samræmast þeirri stefnu sveitarfélagsins að fjölga afþreyingarmöguleikum ferðamanna m.a. til að lengja dvöl þeirra. Samhliða því fjölga atvinnutækifærum í greininni og einnig fjölga atvinnutækifærum á sviði verslunar og þjónustu með aukinni viðveru ferðafólks.

Stefnt er að allverulegri uppbyggingu í Kerlingarfjöllum í ágætri samvinnu við Bláskógabyggð en megin aðkomuvegur liggur um Biskupstungnaafrétt. Í tengslum við þá uppbyggingu er fyrirhuguð bygging fjallasels við Grákoll, sem er nýtt fjallasel á megingönguleið, svokallaðri Hringleið, um Kerlingarfjallasvæðið og staðsetning skálans er miðuð við að dagleiðir séu hæfilegar. Í Efri-Kisubotnum er skáli sem þjónar sambærilegu hlutverki á Hringveginum. Þá verður öll þjónusta í Kerlingarfjöllum bætt verulega, þar með talið endurbygging og bætt aðstaða í eldri byggingum sem þar eru nú þegar staðsettar auk endurbyggingar í Hveradölum. Hafið er mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar endurbyggingar og uppbyggingar Hálendismiðstöðvarinnar í Kerlingarfjöllum.

Gerð göngustíga hlífir viðkvæmri náttúru en hvetur um leið til útivistar og hreyfingar. Aukin þjónusta og þar með bætt aðstaða og meiri viðvera starfsfólks á svæðinu eykur til muna öryggi ferðamanna og annarra sem um svæðið fara. Í Hrunamannahreppi er mikil umferð ferðamanna og uppbygging ferðamannastaða er atvinnuskapandi, eykur atvinnuöryggi íbúa og styrkir byggðina í sveitarfélaginu. Einnig stuðlar aukin viðvera að verndun og eftirliti með viðkvæmum svæðum í náttúrunni. Ekki liggur ljóst fyrir hvort aukin uppbygging skerðir víðerni þar sem engin útfærsla liggur fyrir á nýjum náttúruverndarlögum s.s. hvaða mannvirki takmarki víðerni.

Áhersla er lögð á að við endurgerð bygginga og byggingu nýrra húsa verði haft að leiðarljósi að byggingar nýtist sem best fyrirhugaðri starfsemi samhliða því að útlit, lögun og litaval falli sem best að þeirri

náttúru og landslagi sem fyrir er. Ekki er æskilegt að binda sig í fjölbreytt byggingaform sem byggð voru fyrir margt löngu nema þau þyki eftirsóknaverð vegna útlits eða menningarlegs gildis.

Sveitarstjórn telur að uppbygging á hálendinu sé nauðsynleg þar sem álag á viðkvæma náttúru er mikið vegna fjölgunar ferðamanna sem þangað sækja. Neikvæð umhverfisáhrif kunna því, til lengri tíma litið, að verða mun minni takist vel til með skipulag og rekstur þjónustu heldur en ef ekki verður ráðist í uppbyggingu. Auk þess leggur sveitarstjórn áherslu á að tryggja öryggi og upplýsingagjöf til þeirra sem um svæðið fara og það er best gert með góðri skipulagningu svæðisins og starfsemi á svæðinu.

Ný efnistökusvæði

Vegna viðhalds slóða og fjallvega inn í Kerlingarfjöll verða teknar í notkun nokkrar litlar námur meðfram núverandi vegi. Markmið er að taka efni í eða sem næst veglínu bæði til að draga úr kostnaði vegna viðhalds vega og til að draga úr sjónrænum áhrifum þar sem hægt er að taka efni í eða rétt við veglínu. Samhliða því stýttist efnisflutningur.

Efnistökusvæði hefur óhjákvæmilega áhrif á ásynd og umhverfi meðan á framkvæmdum stendur og þá er nokkur hættu á jarðvegsfoki úr opnum námum. Því er nauðsynlegt að gengið verði frá námum milli þess sem þær eru nýttar m.a. með jöfnun efnis og eftir atvikum sáningu þar sem það á við.

Sveitarstjórn telur að efnistaka á hálendi hafi takmörkuð neikvæð umhverfisáhrif og betra sé að taka efni sem næst framkvæmdastað en að flytja malarefni úr núverandi efnistökusvæðum í byggð. Neikvæð umhverfisáhrif eru helst þau að ásynd svæðis breytist og þá er nokkur hættu á jarðvegsfoki, einkum á framkvæmdatíma. Því leggur sveitarstjórn áherslu á að gengið verði frá hverju efnistökusvæði fyrir sig strax að efnistöku lokinni.

5 HEIMILDIR

- Alþingi Íslands. (2000). Tillaga til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum. Retrieved November 11, 2015, from <http://www.althingi.is/altext/pdf/126/s/0116.pdf>
- Alþingi Íslands. (2006). Lög um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006. Retrieved from <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2006105.html>
- Alþingi Íslands. (2010). Skipulagslög nr. 123/2010. Retrieved from <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/090-2013>
- Ágúst Guðmundsson. (1996). *Ofan Hreppafjalla*. Ferðafélag Íslands.
- Björn Ingi Sveinsson. (2002). *Nýr íslenskur álagstuðull vegna jarðskjálfta*. Mannvit. Retrieved from <http://mannvit.is/Mannvit/Frettir/Allarfrettir2011/Frettinoll/157>
- Emmanuel Pagneux. (2015). *Útbreiðsla flóða í Hvítá og fleiri ám - óbirt gögn*.
- Ester Anna Ármannsdóttir. (n.d.). Til hamingju með blátunnuna. Retrieved November 11, 2015, from http://issuu.com/hrunamannahr/docs/b__klingur_19_08_2013_4
- Félagsheimilið. (n.d.). Retrieved November 11, 2015, from <http://www.fludir.is/index.php/felagsheimili>
- Finnbogi Alfreðsson - SASS. (2015). *Atvinnustefna Hrunamannahrepps*.
- Flúðaskóli. (2016). Skólanámskrá Flúðaskóla.
- Guðmundur Kjartansson. (1952). Meira um Rauðhól. *Náttúrufræðingurinn*, 22. Retrieved from http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageld=4267611
- Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra. (2001). Gæðavottun í sauðfjárrækt. Retrieved from <http://www.althingi.is/altext/127/O3/r25174648.shtml>
- Guðni Guðbergsson Veiðimálastofnun. (2016). *Ár og veiði í Hrunamannahreppi*.
- Gylfi Guðjónsson og félagar. (2005). Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2003 - 2015.
- Hagstofa Íslands. (2015). Íbúafjöldi 1998-2015. Retrieved from <http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/?rxid=c93842fd-6a5d-4ab6-8cf1-d5f679bba87ei>
- Haraldur Matthíasson. (1961). *Árnessýsla, Grímsnes og Biskupstungur. Árbók Ferðafélags Íslands 1961*. Ferðafélag Íslands.
- Haukur Jóhannesson. (2011). *Hrunamannahreppur Yfirborðsjarðhiti í byggð*.
- Haukur Tómasson. (1961). *Virkjun Hvítár við Hestvatn*. Retrieved from <http://www.os.is/gogn/Skyrslur/1961/OS-1961-Virkjun-Hestvatn-1.pdf>
- Hitaveita Flúða. (1991). Hitaveita Flúða, 5–7.
- Landgræðsla ríkisins. (2015). Landgræðslufélag Hrunamanna. Retrieved November 11, 2015, from <http://www.land.is/samstarf/landgraedhslufeloe?layout=edit&id=64>
- Landmælingar Íslands. (2014). Sveitarfélög - upplýsingar. Retrieved from <http://atlas.lmi.is/sveitarfelog/>
- Náttúrufræðistofnun Íslands. (2015). Jarðfræði. Retrieved from <http://www.ni.is/jardfraedi/rannsoknir/>
- Orkustofnun. (n.d.). *Jarðvarmavirkjanir. Viðauki 02 af 92 við skýrslu Orkustofnunar OS-2015/02. Virkjanakostir til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar*. Retrieved from <http://os.is/gogn/Skyrslur/OS-2015/OS-2015-02-Vidauki-02.pdf>
- Rannsóknarstofnun landbúnaðarins. (1999). Endurheimt votlendis. Retrieved February 19, 2016, from <http://www.rala.is/votlendi/Mikilvaegi.htm>
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (2015). *Árbók sveitarfélaga 2015*.
- Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs. (2015). Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs. Retrieved November 9, 2015, from <http://www.sbf.is/>
- Skipulagsstofnun. (2007). *Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana*. Reykjavík. Retrieved from

<http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>

Skipulagsstofnun. (2010). *Leiðbeiningablað 10. Umfang og áherslur í umhverfismati*. Retrieved from http://www.skipulag.is/media/skipulagsmal/okt2010_Leidbeiningarblad_10_-matslysing.pdf

Suðurlandsskógar. (2015). *Fjöldi jarða í skógrækt eða skjólbeltarækt - óbirt gögn*.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (2013). Skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Retrieved from <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/090-2013>

Umhverfissráðuneytið. (2002). *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020*. Retrieved from http://www.umhverfissraduneyti.is/media/PDF_skrar/Velferd_til_framtidar_2002.pdf

Vatnsveita Flúða. (2013), 2003–2004.

Veðurstofa Íslands. (2015). Vindatlas. Retrieved May 15, 2015, from <http://vindatlas.vedur.is/>